Viðtakandi: Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir utanríkisráðherra

Sendandi: Stella Samúelsdóttir formaður þróunarsamvinnunefndar

Dagsetning: 30. september 2026

Efni: Fundur þróunarsamvinnunefndar 4. september 2026

Kæra Þorgerður Katrín,

Umræðuefni á septemberfundi nefndarinnar voru tvíþætt; í fyrsta lagi fékk nefndin heimsókn frá Dr. Younis Al-Khatib, forseta palestínska Rauða hálfmánans, sem staddur var á Íslandi í boði íslenska Rauða krossins, þar sem nefndarfólki gafst ómetanlegt tækifæri á að fá innsýn í stöðuna á Gaza og Vesturbakkanum. Í framhaldinu upplýsti Jónas Haraldsson ráðunautur á skrifstofu alþjóðapólitískra málefna utanríkisráðuneytisins um þróun á stöðu mannúðarmála í breyttu landslagi.

Fram kom í máli Dr. Younis Al-Khatib mikið þakklæti til Íslands fyrir stuðninginn sem næði ekki einungis til Palestínu heldur einnig til annarra svæða þar sem Palestínumenn hafa leitað skjóls. Staðan væri mjög slæm bæði á Gaza og Vesturbakkanum og ætti eftir að versna enn, sérstaklega með tilliti til niðurskurðar á fjármunum, takmörkun á aðgengi aðstoðar, árásum og heftingu á starfi mannúðarstarfsfólks, sem og hernámi og vaxandi ofbeldi á Vesturbakkanum sem minnti helst á þjóðernishreinsanir. Hann ræddi einnig aðförina sem hefur átt sér stað gegn UNRWA og hvernig hún hefði jafnframt haft áhrif á SÞ í heild, með þeim afleiðingum að grafa undan umboði allra þeirra stofnana sem starfa á vettvangi. **Hann líkti stöðunni við sjúkdóm, en sjúkdómur Palestínu er hernámið, að án þess að fjalla um raunverulega stöðu, sjúkdóminn sjálfan, en ekki bara meðhöndla einkennin, muni ástandið ekki breytast né staðan leysast.**

Jónas Haraldsson fór yfir stöðu mannúðarmála og fjallaði um að aldrei hefðu fleiri átök geisað frá lokum seinni heimstyrjaldar. Ekki væri útlit fyrir að ástandið færi batnandi og með áhrifum *Super El Nino* getur staðan orðið enn verri og ýtt undir fæðuskort, uppskerubrest og aukna fólksflutninga. Framlög eru á sama tíma að dragast saman á heimsvísu. Áherslubreytingar í stuðningi við mannúðarmál eru jafnframt að eiga sér stað, t.a.m. með landasjóði OCHA, þar sem ekki má nota stuðning í umsýslu, sem getur hamlað mörgum stofnunum að taka við fjármagni, þar sem augljóslega þarf umsýslu og utanumhald um öll verkefni, vegna m.a. ríkrar kröfu um eftirfylgni með öllum fjármunum. **Hér skiptir því gríðarlegu máli að Ísland haldi áfram á sömu braut að vera traustur bakhjarl í mannúð sem bindur ekki hendur stofnana, heldur gerir þeim kleift að nýta fjármuni í þau verkefni þar sem þörfin er mest.**

Með vinsemd og virðingu,

Stella Samúelsd.

Stella Samúelsdóttir,
formaður þróunarsamvinnunefndar